

Guðný Zoëga

Fornleifarannsókn í Vopnafjarðarkauptúni

Vegna Norðausturvegar



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2011/113



Efnisyfirlit

Inngangur	2
<i>Aðferðarfræði</i>	3
Fornleifarannsókn 2010	4
<i>Könnunarskurðir</i>	7
<i>Skurður 1</i>	7
<i>Skurður 2</i>	9
<i>Skurður 3</i>	10
<i>Skurður 4</i>	11
<i>Skurður 5</i>	12
<i>Skurður 6</i>	12
<i>Skurður 7</i>	13
<i>Skurður 8</i>	13
Minjar sem ekki voru skoðaðar nánar með uppgreftri.....	14
Samantekt	16
Niðurlag	17
Listi yfir borkjarna	18



Mynd 1. Horft yfir rannsóknarsvæðið til norðausturs. Ljósm. BZ.

Inngangur

Vegagerðin fór þess á leit við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að hún tæki að sér fornleifarannsókn vegna vegagerðar í Vopnafirði. Um var að ræða svæði yst í landi Vopnafjarðarkauptúns þar sem ný vegtenging verður inn í bæinn. Við skráningu fornleifa í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegagerðarinnar árið 2005¹ fundust alls 10 minjar sem Fornleifavernd ríkisins taldi að þyrfti að athuga nánar áður en farið yrði í framkvæmdir. Um var að ræða minjar ofan (vestan) kirkjugarðs yst í þorpinu, garðlag og aðrar tóftaleifar sem taldar voru vera frá fyrri hluta 20. aldar. Mikill gróður var á svæðinu þegar fornleifaskráningin var gerð og var gerð krafa um að gróður yrði hreinsaður af svæðinu og það athugað nánar. Fornleifakönnun var svo gerð til að staðfesta, ef hægt væri, aldur tófta og hvort að um eldri tóftir gæti verið að ræða undir hinum yngri.

Rannsóknin fór fram dagana 8.-10. nóvember 2010 og voru alls 8 könnunarskurðir grafnir á svæðinu.

¹ Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2005). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. Sauðárkróki.

Aðferðarfræði

Minjar voru mældar upp með Trimble Pro-Xr staðsetningartæki með um 50sm skekkju-mörkum. Hnitakerfi sem stuðst er við er Isn93.


Kjarnabor var notaður til að gera forkönnun á mögulegum mannvistarleifum. Könnunarskurðir voru að mestu teknir meðsmágröfu en handgrafnir að hluta. Snið skurðanna voru mæld og teiknuð upp þar sem mannvistarleifar komu fram. Öll snið voru ljósmynduð.

Aldur minja var metinn út frá gjóskulögum. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur sem oft finnast í torfi gefa einnig hugmynd um það hvenær torf kann að hafa verið tekið. Helst var þar að nefna gráa gjósku sem lá yfir stórum hluta bæjarstæðisins og er líklega gjóska úr Veiðivötnum frá 1477 (Vv1477). Neðan þess var að finna ljósa gjósku, líklega úr Örafajökli frá 1362 (Ö1362). Neðst í tveimur skurðanna var að finna dökkt gjóskulag, svokallað landnámslag (Lnl) og neðan þess þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag úr Heklu (H3).

Starfsmenn áhaldahúss fá sérstakar þakkir fyrir hreinsun gróðurs af svæðinu.

Fornleifarannsókn 2010

Minjarnar liggja utanvert á Kolbeinstanga og voru fyrrum í landi Leiðarhafnar en eru nú innan bæjarmarka. Leiðarhafnar er fyrst getið í manntali 1703.² Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi I³ segir að húsmannsbýli hafi byggst á leigulóðum inn við kaupstaðarmörkin fyrir og eftir aldamótin 1900. Ábúendur höfðu þar smá skika til ræktar en jafnan var lítill búskapur stundaður þar. Vera kann að minjarnar tilheyri að hluta þessum þurrabúðabúskap en þó er vitað að a.m.k. fjárhúsið [43-19] tilheyrði húsinu Götu sem var yst í kaптúninu. Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að á þeim tíma sem bókin kom út



Mynd 2. Teiknin sem sýnir legu og númer þeirra eins og þau koma fyrir í skýrslunni.

(1974) hafi Ólafur Sigurbjörnsson í Götu verið einn þeirra sem þá stunduðu fjárbúskap í þorpinu.⁴ Húsið Gata stóð yst í þorpinu, rétt sunnan við fjárhústóft [43-19] þegar fornleifar voru skráðar 2005⁵ en það hefur nú verið rífið.

Tóftirnar sem rannsakaðar voru liggja rétt vestan kirkjugarðs, bílastæðis og vegar sem liggja að kirkjugarðinum. Búið var að hreinsa gróður ofan af svæðinu og voru útlínur minja mun gleggri en við fornleifaskráninguna 2005. Minjarnar liggja að mestu innan túngarðs/vegghleðslu sem afmarkar ferhyrndan túnreit upp við kletta yst í þorpinu og er reiturinn um 120m langur frá SSV-NNA og um 50m frá ASA-VNV. Innan túnsins eru leifar

² Manntal á Íslandi 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands. 1924-1947.

³ Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 112.

⁴ Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 118.

⁵ Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2005). Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegaerðar í Vopnafirði. Rannsóknaskýrslur Bygðasafns Skagfirðinga. Sauðárkróki, bls. 106.

tveggja fjárhúsa, mögulegrar réttar, matjurtagarðs og tveggja smærri tófta. Fyrir miðju túni var svo skráð möguleg smátóft [43-21] sem við rannsóknina 2010 virtist fremur vera hluti gamals lækjarfarvegar sem legið hefur í gegn um túnið. Teknir voru alls 8 könnunarskurðir í fimm þeirra fornleifa sem voru á lista Fornleifaverndar. Teknir voru skurðir í hlaðinn vegg [43-25] sem kann að vera undan girðingu, rétt [43-23] í norðausturhorni túnsins, tóft [43-17] rétt innan við austurhlið garðsins, tóft [43-18] ofar (vestar) í túninu, í þúst við lækjarfarveg [43-21] fyrir miðju túni, og matjurtagarð [43-20] og upphækkun neðan hans syðst í túni. Skurðirnir voru að mestu leyti teknir meðsmágröfu en handgrafnir að hluta.

Tafla 1. Númer og staðsetning minja sem skoðaðar voru.

Númer í skráningarskýrslu	Tegund minja	Norðun	Austun
43-12	Íshústóft	591216,071	691576,793
43-17	Tóft	591262,607	691495,508
43-18	Tóft	591268,525	691475,025
43-19	Fjárhústóft	591178,088	691468,132
43-20	Matjurtagarður	591203,247	691466,943
43-21	Þúst	591221,828	691471,727
43-22	Brunnur	591205,05	691488,980
43-23	Rétt	591278,437	691497,570
43-24	Tóft (fjárhús)	591289,512	691454,160
43-25	Túngarður	591255,718	691498,297
43-26	Þúst	691498,297	691488,288

Ekki voru teknir skurðir í 4 minjar sem voru á lista Fornleifaverndar yfir staði sem ætti að skoða nánar. Það voru leifar fjárhúss [43-24], fjárhústóft [43-19], óljósar leifar [43-26] og tóft íshúss [43-12]. Leifar fjárhúss [24] eru mjög illa farnar þar sem að byggingunni hefur verið rutt um. Það mun hafa verið reist á 20. öld og kjarnabor sýndi að undir veggjaleifunum var ekki að finna leifar eldri mannvirkja. Því var ekki tekinn könnunarskurður í tóftina. Stæðileg fjárhústóft [19] eru leifar fjárhúss frá býlinu Götu og er frá miðbiki 20. aldar. Könnunarborar gáfu til kynna að engar eldri minjar væri að finna undir tóftinni en hún liggur mjög skammt frá útmörkum nýja vegarins þar sem hann tengist veginum inn í bæinn. Ekki var talin þörf á að taka frekari könnunarskurði í tóftina. Óljósar tóftarleifar eru skráðar nr. [12] í skýrslu en kjarnaborun leiddi í ljós að þar er rótaður jarðvegur en líklega ekki eiginlegir veggir. Þarna gæti verið um leifar húsgrunns eða jarðrasks af einhverju tagi að ræða. Svæðið er um 26m norðaustan ytri marka vegar og því var ekki talin þörf á að gera þar frekari könnunarskurði.


Íshústóftin liggur um 40m NA af enda væntanlegrar vegtengingar og því var ekki talin þörf á könnunarskurði í hana. Í bréfi Vegagerðarinnar til Fornleifaverndar (dags. 2. júlí 2010) er íshústóftin sögð 12m frá miðlínu vegar en þá er miðað við miðlínu vegar sem nú þegar liggur framhjá tóftinni og ekki mun ætlunin að breyta frekar.

Könnunarskurðir

Skurður 1

Garðlag [43-25]

Garður liggur meðfram veginum að kirkjunni til norðurs og beygir við suðvesturhorn kirkjugarðsins til vesturs. Hann er um 143 m á lengd og 70sm á breidd og vera kann að þarna hafi verið hlaðið undir girðingu. Skurðurinn sem tekinn var 1.4m að lengd og 60sm á breidd. Hann lá A-V.




Sniðteikning

Efsta lagið var grasrót og mjög laus moldarruðningur [1] undir henni. Undir Var rótað lag [2] sem í voru flekkir af gjósku Ö1362 og Vv1477. Ekki virtist um eiginlegt torf að ræða. Undir lagi [2] var svo komið niður á óhreyfða fokmold og í henni dökkt gjóskulag, líklega Landnámslagið.

Túlkun

Ekki var að sjá að þarna væri hlaðinn veggur heldur hefur jarðvegi verið rutt saman til að mynda garð. Líklega er um að ræða upphækkun undir vírgirðingu fremur eiginlegan túngarð. Rannsóknin studdi þá hugmynd að garðurinn væri 20. aldarsmið en engar leifar eldri garðs fundust.



Mynd 3. Yfirlitstekning af minjum á svæðinu og staðsetningu könnunarskurða. Brotalínan afmarkar útlínur væntanlegs vegar.

Skurður 2

Rétt [43-23]

Við norðvesturhorn kirkjugarðsins eru tóftir réttar sem liggur áföst norðausturhorni túngarðsins. Dyr eru á réttinni til norðurs. Utanmál er um 15x10m, mesta hæð veggja er um 1 m og breidd um 50sm. Innan í réttinni virtust leifar tóftar um 3x8m að utanmáli. Skurðurinn var tekinn í gegn um mögulegan tóftavegg innan réttarinnar og var 2m langur og 60sm breiður.



Mynd 4. Hluti norðursniðs í skurði 2. Ofarlega í sniðinu má sá gjóskuna frá 1477.

Jarðlagalýsing

Snið í skurði 2 benti til að tóftin innan réttarinnar væri af sömu gerð og garðlagið umhverfis túnið. Jarðvegi hefur verið rutt upp, líklega sem undirstaða eða stuðningur fyrir vír- eða timburgirðingu. Tóftin sem virtist innan réttarinnar er líklega leifar seinni tíma sléttunar eða jarðvegsvinnslu. Skammt undir yfirborði kom fram þykk dökk gjóska, líklega er þar um að ræða gjósku úr Veðivötnum sem féll 1477. Um 10sm neðan hennar kom fram í austurskammenda þunn ljós gjóska, líklega Ö1362. Engin mannvist var á milli þessara laga eða undir þeim en Greinilegt var að landslag þarna hefur verið mjög þýft þegar að 1477 gjóskan féll. Skammt er niður á bleytu í jarðveginum þar sem að töluvert vatn safnaðist þegar fyrir í skurðinum.

Túlkun

Um er að ræða garðlag eða uppmokstur sem hefur verið undirstaða eða stuðningur fyrir girðingu. Líklegt er að um rétt sé að ræða og að hún sé jafnaldra garðinum [25] frá fyrri hluta 20. aldar. Meint tóft innan réttarinnar er líklega leifar uppmoksturs eða jarðvinnslu.

Skurður 3

Tóft [43-17]



Mynd 5. Norðursnið í skurði 3. Horft er yfir þar sem skurðurinn liggur í gegn um austur langvegg tóftarinnar.

Um 6m vestur af bílastæðinu við kirkjugarðinn og 22 m frá suðvestur horni kirkjugarðsins er tóft. Tóftin er algróin 2,5 x 4,5 m að utanmáli með dyr til suðurs. Hæð veggja er um 60sm og breidd um 100sm. Skurðurinn var alls um 5m langur og 60sm breiður. Hann var tekinn þvert í gegn um mannvirkið sem virtist liggja á yfirborði.

Jarðlagalýsing

Líkt og í garðlagi [43-25] og rétt [43-23] virðast veggir sem glöggir eru á yfirborði fremur einhverskonar uppmokstur heldur en eiginleg vegghleðsla. Þó kann svosem einnig að vera að tóftin hafi verið að hluta til sléttuð þegar að túnið var vélsléttað. Skammt undir yfirborði var einnig þykkt dökkt gjóskulag (Veiðivötn 1477) og neðan þess ljósa gjóskulagið (1362) í

sniðinu kom glögglega fram að þegar að yngri gjóskan hefur fallið hefur verið mjög þýft á svæðinu og einnig mátti greina að jarðvegi hefur verið umbylt eftir gjóskufallið. Mikið vatn er skammt undir yfirborði á svæðinu og fylltist skurðurinn fljótlega af vatni. Engin merki fundust um eldri byggingarstig.

Túlkun

Á yfirborði má sjá tóftarlaga myndun en ekki hægt að finna reglulega torfhleðslu í veggjum. Tóftin er líklega frá sama tíma og réttin og garðlagið umhverfis túnið.

Skurður 4

Tóft [43-18]

Um 20 m vestur af tóft (43 - 17), vestarlega í túni, er að virðist tvískipt tóft. Tóftin algróin og veggir óglöggir. Dyr virðast hafa verið mót austri. Veggir eru hæstir 1,5 m að breidd og 70sm að hæð, heldur hærri upp í hlíðina til norðvesturs og lægstir við norðaustur enda tóftar. Utanmál tóftar er 8 x 4 m. Skurður var tekinn þvert í gegn um tóftina sunnanverða, hann var 7m langur og 60sm breiður.

Jarðlagalýsing

Í skurðinum kom fram grjótruðningur sem virtist mynda vestur langhlið tóftar. Þessi grjótruðningur kom fram beint undir yfirborði og virtist við fyrstu sýn vera grjóthleðsla. Hinsvegar varð augljóst að um náttúrumyndun var að ræða. Grjóthryggurinn liggur til suðurs eftir endilöngu túninu frá norðri til suðurs og kom einnig fram í skurðum 6 og 7. Hann kemur fram sem hryggur í túninu en skammt undir yfirborði er um metra breið grjótrák. Grjótið liggur í náttúrulegum jarðvegi og virðist jarðvegur neðan hans hafa skriðið fram til austurs þar sem áður hefur verið mýrlent. Skammt undir yfirborði kom fram þykk dökk gjóska sem kann að vera frá 1477. Greinilegt er að hún hefur fallið á mjög þýft land. Það sem virðist vera austur langveggur tóftarinnar kann að vera framskrið jarðvegs neðan (austan) grjóthryggjarins. Hinsvegar ber einnig að geta þess að þarna hefur svæðið verið vélsléttað og því kann að vera að einungis sé um að ræða undirstöður veggja.

Túlkun

Á yfirborði er greinileg tófarmynd og gróður er meiri á tóftinni en túninu í kring. Ekki komu þó greinilegir torfveggir fram í könnunarskurðinum. Þar sem túnið hefur verið vélsléttað kann að vera að einungis sé um að ræða á yfirborði útlínur tóftar sem er annars horfin. Hún hefur verið yngri en 1477 en frekari aldursgreining er ekki möguleg.


Skurður 5

Þúst [43-21]

Um mitt túnið var árið 2005 skráð tóft lítils kofa um 1 x 1 m að utanmáli. Við nánari rannsókn 2010 kom í ljós að þarna var um að ræða líklega mishæðir tengdar lækjarfarvegi sem runnið hefur í gegn um túnið. Tekinn var könnunarskurður til að staðfesta að ekki væri um tóft að ræða og reyndist svo vera. Dálítil kvos var rétt norðan við grjóthrygginn sem liggur til suðurs eftir endilöngu túninu og kom hann fram austast í skurðinum. Skurðurinn var um 3m langur og 60sm breiður. Einungis komu fram náttúruleg lög í skurðinum.

Skurður 6

Matjurtagarður [43-20]



Syðst í túninu um 10 m norður af stæðilegri fjárhústóft [43-19] hefur verið matjurtagarður 20 x 17 m að ummáli. Klettur afmarka garðinn að norðanverðu. Garðurinn er umlukinn að því er virðist breiðu garðlagi á þrjá vegu. Í norðaustur horni garðsins var upphækkun, mögulega leifar kartöflugeymslu. Skurður var tekinn frá austri til vesturs í gegn um norðausturhorn garðsins. Skurðurinn var 3,3m langur og 60sm breiður.

Jarðlagalýsing

Austan við miðju skurðar kom fram grjótruðningurinn sem liggur til suðurs eftir túninu. Ruðningurinn er um metri á breidd og var rétt undir grasrót. Undir grasrót [1] vestanvert í skurði. Kom fram rótaður jarðvegur [2] sem myndar yfirborðsupphækkun eða hrygg sem afmarkar útlínur garðsins. Samskonar rótaður jarðvegur kom fram beint undir grasrót austan megin við grjóthrygginn. Undir rótaða jarðveginum komu svo fram náttúruleg óhreyfð jarðlög, dökk gjóska og undir henni ljós gjóska.

Túlkun

Matjurtagarðurinn hefur verið afmarkaður af kletti að vestan, grjóthryggnum að austan og virðist jarðvegi hafa verið ýtt upp til að mynda suður og norðurhliðar. Ekki er hægt að fullyrða um aldur garðsins en líklega er hann frá 20. öld.

Skurður 7

Matjurtagarður [43-20]

Annar skurður var tekinn um fimm metrum sunnan við skurð 6 til að ákvarða hvort að þar væri einnig að finna grjóthrygginn sem kom fram í skurðum 4 og 6. Hryggurinn kom fram rétt undir yfirborði og lágu náttúruleg jarðlög að honum og ofan á honum.

Skurður 8

Tóft [43-18]

Annar skurður var tekinn í tóft vestarlega í norðurhluta túns. (sama tóft og skurður 4 var tekinn í). Skurðurinn var tekinn til að reyna að

ákvarða hvort um torfveggi væri að ræða í tóftinni. Skurðurinn var tekinn í þar sem virtist austurveggur tóftarinnar. Líkt og í skurði 4 komu fram vísbendingar um umbyltan jarðveg og stórþýfi sem gjóskan frá 1477 lá óhreyfð yfir. Ekki komu fram merki um torfvegg.



Mynd 6. Horft til austurs eftir skurði 7. Grjóthryggurinn sést rétt undir grasrót fyrir miðri mynd.

Minjar sem ekki voru skoðaðar nánar með uppgreftri



Mynd 7. Brunnur innan túns.

Brunnur [43-22]

Við veginn sem liggur að kirkjugarðinum, tæplega 80 m suður af honum, er brunnur um 1 x 1 m að ummáli. Ekki hefur verið byrgt fyrir brunninn og enn sér í vatn um það bil 50sm djúpt, ekki var hægt að finna neinar hleðslur í brunninum en í honum var nokkuð af timbri og öðru rusli og hefur hann ef til vill verið

timburklæddur. Brunnurinn liggur innan túnspildunnar og hefur líklega verið til að brynna skepnum.

Fjárhús [43-19]

Fjárhús hefur staðið suðvestanvert í túninu, um 40 m norðaustur af spennustöð RARIK. Samkvæmt heimildarmanni Gunnari Sigmarssyni á Vopnafirði voru þetta fjárhús frá býlinu Götu yst í bænum. Þau hafa þá enn verið í notkun 1974 þegar að Sveitir og jarðir í Múlaþingi kom út.

Lýsing

Tóftin er vel greinileg en mikið gróin og því erfitt að greina innviði tóftar. Tóftin liggur austur/vestur og er þrískipt og dyr á öllum húsum. Ummál hennar er 14 x 18 m. Mesta hæð veggja frá gólfi er 140sm og mesta breidd þeirra er um það bil 250sm.

Tóftaleifar [43 – 24]

Staðhættir

Um það bil 50 m vestur af kirkjugarðshorninu eru óljósar veggjaleifar. Þarna mun hafa staðið fjárhús á 20. öld en greinilegt er að veggjum þess hefur verið rutt um. Einn hornstaur úr timbri sést og einnig voru bárujárnsleifar í tóftinni.



Mynd 8. Horft til austurs yfir tóftir fjárhúss [43-19] sem tilheyrðu húsinu Götú, yst í þorpinu. Ljósm. BZ.

Íshústóft [43-12]

Í Örnefnaskrá segir: „Íshústótt og Íshústjörn voru ofan við Höfða og Kamb. Um langan tíma var þar torfhús með þykkum veggjum og þaki, og í það safnað ís og snjó að vetrinum, sem síðan var seldur til kælingar á fiski í fiskibátum að sumrinu”.⁶ Tóftin er ferhyrnd, 18 x 19 m að utanmáli liggur við veginn inn að Leiðarhöfn, rúma 40 m suðaustur af kirkjugarðinum. Tóftin er það langt utan við áætlaða nýbyggingu vegar að hún mun varla verða fyrir hnjaski. Vegslóði út að Leiðarhöfn liggur fast upp við tóftina en ekki er ætlunin að fara í breytingar á þeim vegi.

⁶ Viðbót við örnefnaskrá fyrir Leiðarhöfn. Helgi Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands, bls. 9.

Samantekt



Mynd 9. Horft til norðausturs yfir könnunarskurði í tóft [18] fyrir miðri mynd en könnunarskurðir í tóft [17] hægra megin og rétt [23] vinstra megin og fjær. Ljósm. BZ.

Alls voru skoðaðar 10 minjar sem Fornleifavernd ríkisins taldi nauðsynlegt að rannsakaðar yrðu frekar áður en farið yrði í lagningu vegtengingar inn í bæinn. Gróður hafði verið hreinsaður af minjunum og voru þær gleggri en þegar fornleifar höfðu verið skráðar þar 2005. Garðlag sem afmarkar tún upp við kletta er líklega 20. aldar hleðsla undir girðingu og sama má segja um rétt í norðaustur horni hennar. Innan girðingar eru líkindi tveggja tófta en ekki fundust eiginlegir veggir í könnunarskurðum. Vera kann að tóftirnar hafi verið sléttaðar út þegar túnið var sléttað. Leifar matjurtagarðs eru sunnarlega í túninu en veggir hans virðast hafa verið myndaðir úr uppmokuðum jarðvegi fremur en að hafa verið hlaðnir. Kofatóft sem skráð var 2005 reyndust ekki vera minjar. Ekki er hægt að fullyrða að tóftirnar tvær sem virðast hafa verið sléttaðar hafi verið eldri en aðrar minjar í og við túnið. Hinsvegar eru þær nánast algerlega horfnar og ekki fundust leifar eldri minja undir þeim. Sama má segja um illa farnar leifar fjárhúss efst og vestast í túninu. Heimildamenn töldu þó að húsið hefði verið í notkun á 20. öld. Garðlagið sem umlykur túnið og matjurtagarðurinn eru líklega frá 20. öld, og hefur túnið líklega verið girt af meðan að ábúandi í Götu stundaði þar búskap. Fjárhústóft

syðst í túni er frá sama tíma. Íshústóft er það langt utan væntanlegrar vegagerðar að hún var ekki rannsökuð frekar. Brunnur innan túnsins var mældur upp en engar frekari rannsóknir gerðar á honum. Hann hefur líklega verið í notkun á sama tíma og fjárhúsin syðst í túni.

Ekki var hægt að ákvarða nákvæmlega aldur minjanna sem rannsakaðar voru. Þær eru allar frá því eftir 1477 og eru líklega flestar frá 20. aldar búskap í kaптúninu. Minjarnar sjálfar eru mikilvægur vitnisburður um lifnaðarhætti á mótunartíma þéttbýlisins en teljast vart fornleifar eftir laganna hljóðan.


Tafla 2. Fjarlægð minja frá útmörkum veglínu.

Nr. minja	Númer skurðar	Lega	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði*
43-25	1	Garðlag	4m norðan til 5m sunnan til
43-23	2	Rétt (?)	18m
43-17	3	Tóft	15m
43-18	4	Tóft?	Í veglínu
43-21	6	Þúst	10m (ekki fornleifar)
43-21	7	Matjurtagarður	4-6m
43-18	8	Tóft?	Í veglínu

*Hér er átt við útbrún vegar eins og hann var á teikningu frá Vegagerðinni í nóvember 2010.

Niðurlag

Fornleifavernd ríkisins úrskurðaði að kanna þyrfti 10 minjar í tengslum við væntanlega vegagerð í Vopnafirði. Rannsóknin var unnin í október 2010 og voru teknir alls átta könnunarskurðir. Engar eldri minjar fundust undir þeim minjum sem greinilegar voru á yfirborði. Verði hinsvegar komið niður á slíkar minjar við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins



Mynd 10. yfirlitsteikning sem sýnir staðsetningu borkjarna.

Listi yfir borkjarna

1. Kjarni 1 – tekinn í vegg réttar [23]

Blautur mýrarjarðvegur niður á 80sm þar sem komið var niður á stein.

2. Kjarni 2 – tekinn í gólf réttar [23]

Moldarjarðvegur um 20sm niður frá grasrót. Blautur mýrarjarðvegur niður á 90sm dýpi þar sem komið var niður á fast.

3. Kjarni 3 – tekinn í vegg tóftar [17]

Um 5sm neðan við grasrót kom fram svört gjóska (Vv1477) og um 3sm undir henni flekkir af ljósri gjósku (Ö1362?). Óvíst hvort gjóskan er óhreyfð eða í torfi. Blautur rótaður mýrarjarðvegur niður á 50sm þar sem komið var niður á fast.

4. Kjarni 4 – tekinn í gólf tóftar [17]

Grasrót var um 10sm þykk. Undir henni var 10sm moldarlag. Neðan þess grátt feitt lag (gólflag eða mýrarjarðvegur). Neðan þess náttúruleg jarðlög niður á 80sm þar sem komið var niður á fast.

5. Kjarni 5 – tekinn í vegg tóftar [18]

Á 10-60sm dýpi var rótaður jarðvegur með flekkjum af ljósri gjósku. Á 60sm dýpi var komið niður á H3, óhreyfða.

6. Kjarni 6 – tekinn í gólf tóftar [18]

Strax var komið niður á grjót í gólfi tóftar.

7. Kjarni 7 – tekinn meinta kofatóft/þúst [21]

Undir grasrót rótaður náttúrulegur jarðvegur niður á 40sm þar var komið niður á fast.

8. Kjarni 8 – tekinn í vegg réttar (kartöflukofa?) [21]

Frá grasrót niður á 27sm dýpi virtist vera rótað torf sem í voru dökkgrá og ljós gjóska. Á 27sm dýpi var komið niður á svarta gjósku óhreyfða. Náttúruleg lög undir henni og H3 á 80sm dýpi.

9. Kjarni 9 – tekinn í suður vegg matjurtagarðs

Grasrót var 8sm þykk en neðan hennar var rótað torf/jarðvegur niður á 30sm dýpi.

10. Kjarni 10 – tekinn í vegg fjárhústóftar [19]

Undir grasrót var lagskipt torf niður á 90sm þar sem komið var niður á fast. Dökkgráa gjóskan í torfinu (Vv1477).

11. Kjarni 11 – tekinn í gólf fjárhústóftar [19]

Undir grasrót, á 15sm dýpi var svart lífrænt lag (gólflag) niður á um 70sm dýpi. Þar var komið niður á fast.

12. Kjarni 12 tekinn í gólf fjárhústóftar [24]

Undir grasrót var komið niður á rótaðan jarðveg niður á 30sm dýpi. Þar var H3 óhreyft.

13. Kjarni 13 – tekinn í vegg fjárhústóftar [24]

Rótað torf niður á 40sm dýpi. Ekki var hægt að sjá gjósku í torfinu. Á 40sm dýpi var komið niður á H3 óhreyfða.

Tafla 3. Staðsetning borkjarna.

Númer kjarna	Norðun	Austun
<i>Kjarni-1</i>	591281,712	691495,361
<i>Kjarni-2</i>	591277,802	691496,830
<i>Kjarni-3</i>	591263,227	691493,563
<i>Kjarni-4</i>	591263,204	691494,457
<i>Kjarni-5</i>	591271,010	691472,371
<i>Kjarni-6</i>	591268,103	691473,296
<i>Kjarni-7</i>	591211,755	691469,663
<i>Kjarni-8</i>	591195,900	691461,736
<i>Kjarni-9</i>	591180,233	691470,796
<i>Kjarni-10</i>	591179,667	691470,985
<i>Kjarni-11</i>	591177,968	691467,964
<i>Kjarni-12</i>	591290,116	691450,512
<i>Kjarni-13</i>	591295,907	691450,525